

Alþingi
Erindi nr. Þ 120/1482
komudagur 16/4 1996

Seyðisfirði 12. Apríl 1996

Nefndadeild Alþingis
Þórshamri v/Templarasund
150 Reykjavík.

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 80/1938,
um stéttarfélög og vinnudeilur, með síðari breytingum.

Óskað hefur verið umsagnar Verkamannafélagsins Fram
Seyðisfirði um framangreint frumvarp um breytingar á
vinnulöggjöfnni. Svar Verkamannafélagsins Fram Seyðisfirði
fylgir hér með.

Virðingarfyllst.
Fh. Vmf Fram Seyðisfirði.

Hulda Sveinsdóttir

Hulda Sveinsdóttir, formaður

Samrit sent miðstjórn ASÍ.

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 80/1938, um stéttarfélög og vinnudeilur, með síðari breytingum.

Stjórn og trúnaðarráð Verkamannafélagsins Fram Seyðisfirði tók frumvarpið fyrir á fundi þann 12. Apríl 1996.

Eftirfarandi umsögn var samþykkt

Frumvarpið er gróf íhlutun í það hlutverk sem á að vera í höndum aðila vinnumarkaðarins að móta þær leikreglur sem gilda eiga í samskiptum aðila á vinnumarkaði.

1. Ákvæði 2. Gr. laganna um lögbindingu vinnustaðafélaga er bein aðför að félagsfrelsinu í landinu og algerlega óþolandi.
2. Verið að koma í veg fyrir að samtök launafólks og atvinnurekenda geti í frjálsum samningum notað nothæfar leikreglur á vinnumarkaði.
3. Það ofurvald sem sáttasemjara er ætlað í frumvarpi brýtur gegn öllum grundvallareglum um lýðræði.

Verkamannafélagið Fram hafnar frumvarpinu og telur að það muni ekki leiða til aukins lýðræðis í stéttarfélögum eða auðvelda frjálsa samingagerð. Ef frumvarpið verður að lögum eru miklar líkur á því að það muni leiða til harðari og lengri átaka á íslenskum vinnumarkaði.

Af framan sögðu telur Verkamannafélagið Fram annað óásættanlegt en að frumvarpið verði tekið af dagskrá og heildarsamtök samningsaðila fái að setja sér þær vinnureglur sem þeir telja til bóta.

Lilja Sveinsdóttir
Pjetur R. Björnsson
Daniel Björnsson
Ardís Sigurðardóttir
María Guðný Guðmundsdóttir
Þjarney Emilsdóttir
Ingga Hrefna Sveinbjarnardóttir
Guðný Ragnadóttir
Aldís Kristjánsdóttir
Guðmar Ragnarsson
Haukur Þór Filippsson

Ulfur Friðriksson
Unnur Sigurðsson
Magnús Stefánsson
Bryndís Hradóttir
Dóttir Margrét Pétursdóttir
Þóráð Ólafur Guðmundsson
Jónas Jónsson
Sigríður Friðrikdóttir